

Minnisblað

Dreifing
Björn H. Barkarson

03.01.2012

Tílefni

Þríhnúkar - 11116

Umferðarspá

Höfundur

Svanhildur Jónsdóttir

Svanhildur@vso.is

Yfirfarið/Sampykkt

[NN / JJ]

1. Umferðarspá vegna Þríhnúka


Umferðarspár eru gerðar fyrir árin 2014 og 2023, þar sem gert er ráð fyrir að Þríhnúkagígur sé orðinn aðgengilegur fyrir almenning. Auk þess er alltaf miðað við núverandi umferð sem er fyrir árið 2010, þar sem Þríhnúkagígur er ekki aðgengilegur fyrir almenning.

Gögn sem notuð eru fyrir umferðarspárnar eru tvenns konar, í fyrsta lagi núverandi umferð þar sem notast er við talningar frá Vegagerðinni og annars vegar aukin umferð vegna Þríhnúka sem eru spár sem unnar eru af Þríhnúkum ehf.

Umferðarspár eru gerðar fyrir tvö tilfelli (sjá kafla 4).

2. Núverandi umferð

Talningar af heimasíðu Vegagerðarinnar eru notaðar. Umferð á þremur leggjum er skoðuð, Bláfjallaleið (407), Bláfjallavegur (417-01) og Bláfjallavegur (417-02).



Talningar fyrir 2001, 2007, 2010 eru skoðaðar og þá sést að aukning er á umferð á sumum leggjum milli þessara ára og sumstaðar stendur í stað, sú ákvörðun var tekin að nota einungis talningar frá 2010 og í umferðarspánum er gert ráð fyrir að grunnumferð/umferð án Þríhnúka aukist um 2% á ári (reiknað upp til 2014 og svo til 2023).

Talningar frá Vegagerðinni eru gefnar í ÁDU, SDU og VDU. Notast við þessa skiptingu á talningum í umferðarspánum, það er SDU er fyrir júní, júlí, ágúst og september, og VDU er fyrir desember, janúar, febrúar og mars og svo ÁDU fyrir hina mánuðina.

3. Aukin umferð vegna Þríhnúka

Aðsóknarspá fyrir Þríhnúka felur í sér að umferð eykst töluvert ef gígurinn verður gerður aðgengilegur fyrir almenning. Gert er ráð fyrir eftirfarandi forsendum:

- ▶ Árið 2014 er gert ráð fyrir 140.000 erlendum gestum og 40.000 íslenskum, alls 180.000 gestum
 - > Árið 2023 er gert ráð fyrir alls 456.000 gestum (426.00 erl. og 30.000 innlendum)
- ▶ Gert er ráð fyrir að 40% erlendra gesta komi í fólksbíl og 60% í hópferðabíl
- ▶ Gert er ráð fyrir að 70% innlendra gesta komi í fólksbíl og 30% í hópferðabíl
- ▶ Í heildina eru þá 47% gesta sem koma í fólksbílum og 53% í hópferðabílum
 - > Gert ráð fyrir að 2,5 farþegar séu í hverjum fólksbíl og 50 farþegar í hópferðabíl
- ▶ Í heildina eru þá 95% ökutækja sem koma í Þríhnúka fólksbílur og 5% hópferðabílar.

4. Tilfelli

Þegar umferðarspárnar eru framkvæmdar er notast við núverandi umferð og aukna umferð vegna Þríhnúka, eins og áður hefur komið fram. Tvö tilfelli eru skoðuð og er þeim lýst hér fyrir neðan.

- ▶ Í tilfelli 1 er gert ráð fyrir að 90% af aukinni umferð vegna Þríhnúka fari um Bláfjallaveg (417-01) og 10% um Bláfjallaveg (417-02).




Talið er líklegra að í framtíðinni myndi umferð dreifast eins og í tilfelli 1 nema að Bláfjallavegur (417-2) yrði endurbættur, í dag er vegurinn ekki í sérlega góðu standi og þar er engin þjónusta yfir vetrarmánuðina.
- ▶ Í tilfelli 2 er gert ráð fyrir að 70% af aukinni umferð vegna Þríhnúka fari um Bláfjallaveg (417-01) og 30% um Bláfjallaveg (417-02).




5. Niðurstöður




Niðurstöður sýna grunnumferð/án Þríhnúka fyrir árið 2010, umferðaspá fyrir 2014 (með Þríhnúka) og umferðarspá fyrir 2023 (með Þríhnúka). Niðurstöðurnar eru sýndar í gröfum eftir vegköflum fyrir tilfelli 1 og tilfelli 2.

Í lokin er svo sýndur samanburður á umferðarflæði á vegköflum sem eru innan sama Vatnsverndarsvæðis.

Tilfelli 1













Tilfelli 2

Niðurstöður fyrir Bláfjallaleið (407) eru þær sömu og fyrir tilfelli 1 (sjá niðurstöður fyrir tilfelli 1).





Umferðarflæði-samanburður

Í töflu 5.1 er sýnt umferðarflæði fyrir árið 2010 sem byggt er á talningum frá Vegagerðinni á Suðurlandsvegi (1-e1/vegkafla næstur Bláfjallavegs-afleggjaranum) og á Bláfjallaleið. Einnig er sýnt umferðarflæði úr umferðarspám fyrir Bláfjallaleið fyrir árin 2014 og 2023 (báðir vegkaflar á Bláfjallavegi hafa lægra umferðarflæði en Bláfjallaleið).

Tafla 5.1: Umferðarflæði			
	ÁDU	SDU	VDU
Suðurlandsvegur 2010 (1-e1)	8384	10380	6560
Bláfjallaleið 2010 (407)	387	166	541
Bláfjallaleið 2013 (407)	548	680	689
Bláfjallaleið 2022 (407)	851	1488	1035

Suðurlandsvegur (1-e1) og Bláfjallaleið (einnig Bláfjallavegur) eru innan sama vatnsverndarsvæðis. Hægt er að sjá að umferðarflæðið er mun lægra á Bláfjallaleið en á Suðurlandsvegi, jafnvel þó núverandi umferð á Suðurlandsvegi sé borin saman við umferðarspár fyrir 2014 og 2023 á Bláfjallaleið (einnig mætti bæta við 2% árlega aukningu við Suðurlandsveg eins og gert var fyrir Bláfjallaleið, þá yrði munurinn enn meiri).

Samantekt

Umferðin er eins í báðum tilfellum á Bláfjallaleið (407). Umferðarflæði er svo aðeins hærra á Bláfjallavegi (417-01) og aðeins lægra Bláfjallavegi (417-02) í tilfalli 1 í samanburði við tilfalli 2, eins og búist var við.

Úr niðurstöðunum er hægt að lesa að umferð yfir sumartíman eykst töluvert. Út frá þessum niðurstöðum má einnig sjá að umferð mun aukast talsvert til ársins 2023, sérstaklega á sumrin eða um meira en 100%.

Suðurlandsvegur (1-e1), Bláfjallaleið og Bláfjallavegur eru vegkaflar eru innan sama Vatnsverndarsvæðis. Umferðarflæði á Suðurlandsvegi en mun hærra en hinum þrem vegköflunum, jafnvel þó núverandi umferð fyrir árið 2010 á Suðurlandsvegi og uppreiknuð umferð á Bláfjallaleið fyrir árið 2023 sé borin saman.